



Nóvember 2020

HVATARBLAÐIÐ

„Allir lesa Hvatarblaðið“



Þessi skemmtilega mynd var tekin af áhugasömum nemendum Kerhólsskóla að lesa Hvatarblaðið en eins og myndin sýnir þá eru þau mjög áhugasöm um innihald blaðsins.

Eins og lesendur blaðsins vita þá má finna í blaðinu fjölbreyttar fréttir, tilkynningar, fundargerðir sveitarstjórnar og auglýsingar svo eitthvað sé nefnt.

Hér eru systurnar (t.v.) Harpa og Katla, ásamt Marharytu að glugga í blaðið.

Mynd: Magnús Hlynur



**490. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
16. september kl. 09:00 - 11:40
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson
Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 6. fundar veitunefndar, 27. ágúst 2020.

Lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð frá fundi Oddvitaneftndar UTU, 26. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 295. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 31. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 42. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 4. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 6. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 9. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 8. fundar bygginganeftndar Búðarstígs 22, 9. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunar Túns ehf, 26. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Lýðheilsu- og tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lagt er til að hámarksupphæð styrks verði hækkuð úr 40.000 kr. á ári í 50.000 á ári.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi hækkun.

3. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggja tvær umsóknir starfsmanna Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennslufræðum. Umsóknir eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við annarri umsókninni en hafna hinni á grundvelli þess að hún uppfyllir ekki skilyrði sveitarstjórnar.

4. Staða fjárhagsáætlunar.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2020 eftir fyrstu átta mánuði ársins.

5. Bréf frá Margréti Rúnarsdóttur, formanni FLUMM (Félags lóðareigenda í Undirhlíð í landi Minna Mosfells), vegna heimilissorpsgáma í frístundahúsaðverfum.

Fyrir liggur bréf frá Margréti Rúnarsdóttur, formanni Félags lóðareigenda í Undirhlíð í landi Minna Mosfells, þar sem þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að fjarlægja heimilissorpsgáma úr

frístundahúsaðverfum sveitarfélagsins frá og með miðjum september er mótmælt með þeim rökum að ákvörðunin brjóti gegn Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1366 frá 20. desember 2019. Í 4. gr. samþykktarinnar segir að söfnun frá frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði fari fram að höfðu samráði við eigendur, umráðamenn eða hagsmunasamtök. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

6. Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins fyrir árið 2021.

Fyrir liggur bréf dagsett 19. ágúst 2020 frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, þar sem óskað er eftir styrk vegna reksturs samtakanna.

Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

7. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna ársþings SASS og aðalfunda Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 7. september 2020 þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands verður. Ársþingin verður á Stracta Hotel á Hellu, dagana 29. og 30. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu, en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps verða Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson.

8. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020.

Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldin dagana 1. og 2. október n.k. Ráðstefnan verður með breyttu sniði í ljósi aðstæðna og verður hún alfarið á netinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að sitja ráðstefnuna.

9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir gögnum um úrgangsmál í tengslum við mat á kostnaðaráhrifum vegna fyrirhugaðs frumvarps.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 3. september 2020, þar sem óskað er eftir því að sveitarfélög svari rafrænni könnun um úrgangsmál vegna kostnaðarmats á fyrirhuguðu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjóra / oddvita falið að svara umræddri könnun.

10. Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar.

Lögð er fram til kynningar skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

11. Niðurstöður könnunar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga á stafrænni stöðu sveitarfélaga árið 2020.

Lögð er fram skýrsla um niðurstöður könnunar á stafrænni stöðu sveitarfélaga, sem unnin var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

12. Birt til umsagnar frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði jarðamála nr. 186/2020.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði jarðamála nr. 186/2020.

Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá IOGT á Íslandi þar sem kynntur er bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fyrir liggur bréf dagsett 24. ágúst 2020 frá IOGT á Íslandi þar sem kynntur er bæklingur um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Lagt fram til kynningar.

Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Hér kemur stutt yfirlit yfir helstu framkvæmdir í sveitarfélaginu í ár og stöðuna á þeim.

Almennar framkvæmdir

- Jón Örn og hans menn hafa unnið hörðum höndum í sumar við að malbika gangstíga og ganga frá hraðahindrunum. Eftir er að ganga frá stíg frá Sundlaug að Borgarbraut og þá verður komin malbikuð hringtenging í hverfinu fyrir gangandi og hjólandi. Fréttamenn 1. bekkjar fjölluðu nánar um málið í blaðinu.
- Vinna við Yndisskóg er farin af stað hjá Suðurverki. Lagðir verða göngustígar um svæðið sem eru hugsaðir sem viðhaldsstígar fyrir skógræktina. Efnisnáman verður einnig löguð til í kjölfarið til að snyrta umhverfið. Skógræktarfélagið mun í kjölfarið hefja gróðursetningu og í framtíðinni verður gerð aksturstenging við Borgarbraut, bílastæði og lítið þjónustuhús. Vonast er til að svæðið nýttist íbúum, gestum og skólabörnum til útivistar í framtíðinni.



- Áfram er unnið að skipulagi að nýju miðsvæði vestan við Skólabraut þar sem gert er ráð fyrir sölu eldsneytis, veitingaþjónustu, rafhleðslutöðvum ásamt lóðum fyrir blandaða byggð þjónustu og verslana. Þarna verða möguleikar á húsnæði á 1-2 hæðum með íbúðum á efri hæðum húsa. Skipulagið hefur verið auglýst og mun vonandi verða klárt fyrir árslok.



- Stefnt er að því að bæta aðgengi á gámasvæði við Seyðishóla með nýrri vegtengingu, stækkun á svæði og í kjölfarið verði manir stækkaðar og girðing reist til að koma í veg fyrir fok á rusli. Gert er ráð fyrir að verkið fari af stað í nóvember. Búið er að fá afhent nýtt húsnæði fyrir umsjónarmann svæðisins sem mun gefa því snyrtilegra útlit og betri aðstöðu fyrir umsjónarmann



- Breytingar á Íþróttamiðstöðinni hafa verið í gangi í október. Steiptur var kantur fyrir framan núverandi glugga og þeim lyft frá gólfi með tilheyrandi breytingum á gluggum. Einnig var salur og móttaka máluð, flísalagt í klefum og von er á nýjum skápum í nóvember. Kominn var tími á breytingarnar til að bjarga gluggum og og heppnuðust þær vel. Við þökkum verkötukum fyrir frábær störf.



- Áfram er unnið að stækkun íþróttahúss með nýrri líkamsræktaraðstöðu til austurs frá íþróttasal. Gert er ráð fyrir að á efri hæð hússins verði aðstaða fyrir skrifstofur og/eða skólahald. Hugmyndir verða kynntar þegar vinna er komin lengra.
- Nýr kastali var settur upp á leikskólalóðinni í sumar ásamt nýju fallvarnarlagi. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á lóðinni og hugmyndir að frekari umbótum komnar langt á veg.



Vatnsveitur

- Búið er að bora eftir köldu vatni hjá núverandi vatnslindum á Björk. Holan skilaði um 15 l/s að mati bormanna og verður hún metin með þrepaðælun í vetur.



Hitaveitur

- Búið er að endurnýja lögn að Bjarkarborgum ásamt því að færa dælustöð úr áhaldahúsi í dælubrunn milli áhaldahúss og Biskupstungnabrautar. Með þessu er hægt að auka þrýsting og afköst í hverfin fyrir ofan Borg.



- Búið er að endurnýja búnað í Höskuldslæk og vinna stendur yfir við að uppfæra stýribúnað í Vaðnesi. Þær breytingar eiga að leiða til aukins afhendingaröryggis fyrir hitaveituna.



Straumver ehf.
RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518
Már Jóhannsson - ☎ 866 6068
Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFÖSS

Sími

8
6
9
7
5
0
9



Verzlunin Borg
Vetraropnunartíminn hefst 1. september

mánudagar - föstudagar 09:30 - 17:30

laugardagar 11:00 - 17:30

sunnudagar 12:00 - 16:00

- Hugdín TDK -
PhotoGrid

JARÐVINNUVERKTAKAR



Tökum að okkur **STÓR** og **smá verk**

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



Heilsugæslan í Laugarási

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá lækna riturum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020



491. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafingshrepps 07. október 2020 kl. 09:00 - 11:20 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir í fjarfundarbúnaði
Björn Kristinn Pálmarsson í fjarfundarbúnaði
Smári Bergmann Kolbeinsson í fjarfundarbúnaði
Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur í
fjarfundarbúnaði
Bjarni Þorkelsson í fjarfundarbúnaði

Fundargerð ritaði: Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

- a) Fjarfundir á vegum sveitarfélagsins
 - b) Covid-19
 - c) Áheitaþanga Kvenfélags Grímsneshrepps til styrktar Sjóðsins
- Góða

1. Fundargerðir

- a) Fundargerð 7. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafingshrepps, 21. september 2020.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 7. fundargerð veitunefndar Grímsnes- og Grafingshrepps, dags. 21. september 2020.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Tilboð í kort fyrir gámasvæði.

Búið er að fá tilboð í rafræn inneignarkort fyrir sorp á gámasvæði fyrir fasteignaeigendur í sveitarfélaginu frá Tæknivít. Tilboðið var skoðað.

Veitunefnd mælist til þess við sveitarstjórn að tilboðinu verði tekið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboðinu. Oddvita / sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

b) Fundargerð 15. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 21. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Mál nr. 1: Húsnæðismál UTU.

Framhald af vinnu við húsnæðismál embættisins. Eyrún átti fund með starfsmönnum og fór yfir tillögurnar og í framhaldi af umræðum kom tillaga sem allir starfsmenn voru sammála um að mundi henta vel. Búið er að vinna grófar kostnaðartölur varðandi breytingar í samræmi við þá tillögu. Stjórn sammála um að tillagan sé góð en telur nauðsynlegt að sveitarstjórn Bláskógabyggðar, sem eigandi hússins, taki afstöðu til þess hvort þau fari í framkvæmdirnar, tímaramma framkvæmda og hver leiga til embættisins verði í framhaldinu. Einnig óskar stjórn eftir því að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggi fram sömu upplýsingar varðandi húsnæði sem boðið er fram í erindi frá þeim um húsnæðismál.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra / oddvita að taka saman þau gögn sem óskað er eftir.

e) Fundargerð 296. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 22. september 2020.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 296. fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 22. september 2020.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Aðgerðaráætlun fyrir SOS vegna svæðisáætlunar

Formaður fór yfir drög að Suðurlandskafla aðgerðaráætlunar fyrir endurskoðun á sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturhornið 2021 - 2032. Samþykkt var að fyrirbyggjandi drög að aðgerðaráætlun SOS verði send aðildarsveitarfélögum til kynningar, umræðu og kallað eftir athugasemdum. Í kjölfar þess, í nóvembermánuði n.k., verði haldinn samráðsfundur með fulltrúum sveitarfélaganna um áætlunina.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða drög að aðgerðaráætlun.

f) Fundargerð fundar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS), 23. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 2. fundar starfshóps Vatnsveitu Uppsveita bs., 17. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 44. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfða, 31. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 45. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfða, 16. september 2020.

Mál nr. 2 og 5a þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 45. fundargerð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfða, dags. 16. september 2020.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Erindi frá Soroptimistaklúbbsi Suðurlands vegna Sigurhæða, úrræðis fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi.

Nefndin fagnar framtaki Soroptimistaklúbbs Suðurlands og telur verkefnið afar brýnt fyrir íbúa á starfssvæði SVÁ. Nefndin skorar á sveitarstjórnir á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða að leggja verkefninu lið og gera ráð fyrir fjármagni til þess á fjárhagsáætlun ársins 2021. Lagt er til að NOS taki erindið til umfjöllunar á næsta fundi sínum þann 23. september n.k. með tilliti til kostnaðarskiptingar milli sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu þar til málið hefur verið tekið fyrir hjá yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS).

Mál nr. 5a: Fjárhagsáætlun 2021

Tillögur Skóla- og velferðarþjónustu um upphæðir greiðslna og gjalda fyrir árið 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu þar til málið hefur verið tekið fyrir hjá yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS).

j) Fundargerð 207. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 25. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga, 24. apríl 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga, 25. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 8. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 5. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 9. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 18. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 6. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árnessýslu, 23. september 2020

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 4. fundargerð stjórnar Laugaráslæknishéraðs, dags. 23. september 2020.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Ársreikningur 2019.

Lagður var fram ársreikningur Laugaráslæknishéraðs fyrir árið 2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ársreikning 2019.

p) Fundargerð 196. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 17. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

q) Fundargerð 20. fundar stjórnar Bergrisans, 14. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

r) Fundargerð 887. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

s) Fundargerð 888. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Skipan varafulltrúa í samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að varamaður samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, Jónas Hallgrímsson er fluttur úr sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði varamaður í samgöngunefnd út kjörtímabilið 2018-2022.

3. Fulltrúi í Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnespings.

Fyrir liggur að aðalfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps í Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnespings, Björn Kristinn Pálmarsson, hefur beðist lausnar sem aðalfulltrúi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson verði aðalfulltrúi í Skólapjónustu- og velferðarnefnd út kjörtímabilið 2018-2022 og Björn Kristinn Pálmarsson verði til vara.

4. Bréf frá Fanný Gunnarsdóttur, formanni félags sumarhúsaeygenda í Kerhrauni, vegna flokkunar á heimilissorpi.

Fyrir liggur bréf frá Fanný Gunnarsdóttur, formanni félags sumarhúsaeygenda í Kerhrauni, þar sem óskað er eftir því að sett verði upp grenndarstöð undir sorp annaðhvort innan Kerhrauns eða við svokallaðan Samlagsveg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita / sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn starfsmanns Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja umsækjanda til náms í kennarafræðum skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins.

Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 150.000skv. 4. lið reglnanna um kostnað við skólagjöld og til bókakaupa.

6. Ályktun um framkvæmdir við nýja aðkeyrslu að Kerinu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir því við Vegagerðina að framkvæmdum við nýja aðkeyrslu að Kerinu verði flýtt og að framkvæmdir hefjist sem fyrst. Nú þegar fáir ferðamenn eru á ferli er kjörið að nýta tækifærið og hefjast handa við nýja og öruggari aðkeyrslu að þessum vinsæla ferðamannastað, en samkvæmt umferðaröryggismati sem unnið var af Vegagerðinni árið 2018 er brýnt er að fara í lagfæringar á vegamótum við Kerið. Fyrir liggur tillaga frá Verkfræðistofunni Mannvit að nýrri aðkeyrslu, sem og samþykkt deiliskipulag á svæðinu sem gerir ráð fyrir nýrri vegtengingu.

7. Samstarfssamningur Grímsnes- og Grafningshrepps og Ungmennafélagsins Hvatar.

Fyrir liggja drög að nýjum samstarfssamningi milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Ungmennafélagsins Hvatar um eflingu íþrótt- og æskulýðsstarfs í Grímsnes- og Grafningshrepp. Samningnum er ætlað að efla samstarf milli GOGG og Hvatar og tryggja öflugt íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglunga í sveitarfélaginu. Samningnum er ætlað að tryggja enn frekar starfsemi Hvatar, enda er sveitarfélagið þeirrar skoðunar að Hvöt sinni öflugu og viðurkenndu forvarnarstarfi. Skal styrknum varið þannig að hann fer í að halda úti íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu með sérstaka áherslu á börn og unglunga. Jafnframt skal halda leikjanámsskeið fyrir börn, að sumarlagi. Hvöt reynir að tryggja að leiðbeinendur sem sjá um bæði vetrar- og sumarstarfið séu með menntun og/eða reynslu af barna- og unglingastarfi. Að auki leggur sveitarfélagið til aðgang að íþróttahúsinu undir æfingar og viðburði án endurgjalds.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

8. Erindi frá vinnuhópi um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Hrunamannahreppi.

Fyrir liggur erindi frá vinnuhópi um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Hrunamannahreppi, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til samvinnu í verkefninu.

Sveitarstjórn tekur samhljóða undir nauðsyn þess að aldraðir geti búið sem næst sinni heimabyggð og felur oddvita að afla frekari upplýsinga um verkefnið.

9. Tilnefning fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga á Suðurlandi.

Fyrir liggur bréf frá Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS, dagsett 11. september 2020, þar sem tilkynnt er að stjórn SASS hafi skipað Friðrik Sigurbjörnsson í stafrænt ráð sveitarfélaga.

Jafnframt er tilkynnt að stofnaður hafi verið faghópur með fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi til þess að vera Friðriki til stuðnings í miðlun upplýsinga, og óskað eftir tilnefningu á fulltrúa frá hverju sveitarfélagi í faghópinn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Ásu Valdísi Árnadóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í faghópinn.

10. Bréf frá Pálma Þór Sævarssyni, svæðisstjóra hjá Vegagerðinni, varðandi girðingar á vegum opinberra aðila.

Fyrir liggur bréf frá Pálma Þór Sævarssyni, svæðisstjóra hjá Vegagerðinni, þar sem fram kemur að skipaður hafi verið starfshópur á vegum allra ráðuneyta ríkisstjórnarinnar með það markmið að móta samstarf helstu aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi umbætur og hagræðingu vegna girðinga. Jafnframt er óskað eftir ýmsum upplýsingum og kostnaðartölum vegna girðinga í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra / oddvita að svara erindinu.

11. Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna vindorkugarðs á Mosfellsheiði.

Fyrir liggur greinargerð ásamt umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun

vegna allt að 200 MW vindorkugarðs á Mosfellsheiði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita / sveitarstjóra að skila inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

12. Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar aðalskipulags

Mosfellsbæjar.

Fyrir liggur bréf frá Kristni Pálssyni, skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, þar sem kynnt er skipulagslýsing endurskoðunar aðalskipulags

Mosfellsbæjar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

Önnur mál

a) Fjarfundir á vegum sveitarfélagsins.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að framlengja heimild sveitarstjórna að víkja tímabundið frá tilteknum skilyrðum ákvæða í sveitarstjórnarlögum til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og að auðvelda ákvörðunartöku þeirra við þær aðstæður sem eru uppi í þjóðfélaginu. Heimildin gildir til 10. nóvember 2020.

Ákvörðunin var tekin, að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga, í ljósi fjölgunar Covid-19 smita undanfarnar vikur og með vísan til þess að hættustig almannavarna er í gildi.

Öllum sveitarstjórnnum er því að nýju heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir, sbr. [auglýsing Stjórnartíðinda, nr. 780/2020](#):

Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.

Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.

Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.

Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt

fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.

Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að virkja þá heimild að sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum, bæði aðal- og varamönnum sé heimilt að taka þátt í fundum á vegum sveitarfélagsins í gegnum fjarfundarbúnað. Fundargerðir verða undirritaðar síðar.

Heimildin gildir í samræmi við ákvörðun ráðherra.

b) Covid-19.

Föstudaginn 2. október var viðbragðsteymi sveitarfélagsins virkjað vegna upplýsinga um smitaðan einstakling sem kom í samfélagið okkar þriðjudaginn 29. september. Viðbragðsteymið samanstendur af sveitarstjórn og umsjónarmanni fasteigna. Staðan var sú að 10 starfsmenn voru settir í sóttkví föstudaginn 2. október. Vegna fjölda starfsmanna í sóttkví var ákveðið að loka öllum stofnunum sveitarfélagsins, mánudaginn 5. október, þriðjudaginn 6. október og miðvikudaginn 7. október. Nú liggja niðurstöður fyrir úr sýnatöku og enginn starfsmaður hefur reynst smitaður og því mun öll starfsemi sveitarfélagsins hefjast aftur fimmtudaginn 8. október með þeim takmörkunum sem auglýstar verða.


c) Áheitaþanga Kvenfélags Grímsneshrepps til styrktar Sjóðsins Góða.

Kvenfélag Grímsneshrepps ætlar að efna til áheitaþingu þar sem verður genginn Sólheimahringurinn, um 24 km. Gangan verður laugardaginn 10. október 2020. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Kvenfélagið um 15.000.- kr. á hvern genginn kílómetra eða samtals 360.000.- kr.

Bókasafn Grímsnes og Grafningshrepps

Kl.	Mánud	Þriðjud.	Miðvikud	Fimmtud	Föstud.
8:15	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
8:55	Kennsla	Opið	Kennsla	Kennsla	Kennsla
9:55	Kennsla	Opið	Opið	Opið	Kennsla
10:35	Kennsla	Opið	Opið	Opið	Kennsla
11:15	Eldri borgarar	Kennsla	Opið	Eldri borgarar	Opið
12:00	Eldri borgarar	Lokað	Lokað	Eldri borgarar	
12:30 til 14:10	Opið eftir samkomu lagi	Kennsla	Opið eftir samkomu lagi	Opið eftir samkomu lagi	
15:30 til 17:00		Opið	Opið	Opið	

Lestur er bestur



Fréttir frá Hjálparsveitinni TINTRON

Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Tintron sem halda átti í húsi sveitarinnar miðvikudaginn 21. október var frestað vegna aðstæðna í samfélaginu. Nýr fundartími hefur verið ákveðinn og því er boðað til **aðalfundar þann 18. nóvember** næstkomandi í húsi sveitarinnar klukkan 20:00. Ef ekki verður mögulegt að halda fundinn í húsinu það kvöld vegna aðstæðna mun hann að öllum líkindum samt fara fram tiltekið kvöld en þá í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá;

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Nýjir félagar velkomnir.

Hér koma fréttir frá okkur fyrir októbermánuð.

Útköll voru engin í október.

Samantekt á starfi sveitarinnar í október :
Miðvikudagskvöldið 30. september héldum við námskeiðin Fjarskipti 1 og Tetrafjarskipti fyrir félagsmenn okkar. Þessi námskeið snúast um að þekkja inn á fjarskiptatækin okkar sem eru Vhf og Tetra talstöðvar ásamt því að vita hvaða búnaður býr á bakvið það hvernig þessi tækni virkar. Sumir hafa sótt þessi námskeið oftar en einu sinni meðan aðrir sátu það í fyrsta sinn en tólf manns sátu námskeiðið. G.K. bakarí á Selfossi sá til þess að engin yrði svangur meðan á námskeiðunum stóð og færðu okkur bakkelsi til að gæða á í kaffipásunum. Takk fyrir okkur G.K. bakarí. Þann 1. október var svo Árvirkinn á Selfossi í gjafastuði en á meðal viðtakenda þar voru tveir fulltrúar Tintron að taka við

borðuppbvottavél sem mun fá að starfa á kaffistofunni í höfuðstöðvum sveitarinnar.
Takk kærlega fyrir stuðninginn Árvirkinn ehf.

Einnig tók Tinni 1 útlitsbreytingum þann sama dag og var merktur með endurskyni í takt við nýjar reglur um merkingar ökutækja Slysavarnafélagsins Landsbjargar og kemur vel út.
Þar var Fagform aftur á ferð í merkingu líkt og á bátum og kerrunni í september.

2. október tók stjórn Tintron þá ákvörðun að takmarka aðgang að húsnæði sveitarinnar að nýju vegna Covid-19 þar sem smit á suðurlandinu voru farin að aukast.

Við hlökkum til að geta felld niður þær takmarkanir þegar aðstæður leyfa svo að gestir og gangandi geti komið við hjá okkur þegar einhver er í húsi.

Einnig hefur sveitinni verið skipt upp í tvo útkallshópa til að minnka líkur á óstarfhæfni sveitarinnar komi upp smit innan hennar.

Þann 10. október gengu Kvenfélagskonurnar áheitaöngu til styrktar Sjóðnum góða um Sólheimahringinn.
Þær hafa staðið vel og vandlega við bakið á okkur undanfarin tvö árin sem hefur gert okkur kleift að styrkja og efla sveitina verulega.

Það mátti því ekki minna vera en að hitta á þær í göngunni.
Tveir félagar sveitarinnar úr hóp eitt fóru á Tinna 1. og hittu á þær við Sólheima.

Meðferðis var nóg af vatnsbirgðum sem afhent var eftir því sem óskað var eftir.

Bíllinn fylgdi göngunni svo það sem eftir var eða frá Sólheimum og upp á Borg með viðvörunarljósum.

Vel gert Kvenfélagskonur, frábært framtak.

Á meðan fóru aðrir úr hóp tvö svo upp að Vörðu ofan Gjabakka með skiltið sem við sóttum bilað seinni hluta síðasta vetrar.

Er það samstarfsverkefni Slysavarnarfélagisins Landsbjargar og LÍV - Landssambands Íslenskra Vélsleðamanna að skiltið sé til staðar þarna og víðar á leið inn á hálendið.

Er skiltið ætlað til þess að ferðalangar að vetri til geti stoppað við það og athugað hvort að snjóflóðaálgarnir þeirra séu í lagi áður en lengra er haldið.

Bilaður ýlir = Falskt öryggi.

Helgina 16. - 18. október sóttu svo þrír félagar sveitarinnar Straumvatnsbjörgunarnámskeið 1 og 2 sem haldið var í Tungufljóti rétt ofan við Geysi.

Á þessu námskeiði er farið yfir sundtækni, þekkingu á aðstæðum, kastlínur, björgun, notkun straumvatnsbáts og línuvinnu í kringum straumvatn.

Erum við þar með komin með virkan straumvatnsbjörgunarhóp í Tintron.

Jóhannes Þórólfur Guðmundsson

Myndir og aðrar fréttir eru á facebooksíðu okkar.



Styrktar reikningur sveitarinnar er 0586-26-456 kt. 490487-1319





Kæru félagar, á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að tilnefna tvo aðila úr stjórn til setu í nefnd sem á að fjalla um kosti og galla sameiningar hestamannafélaganna í uppsveitum Árnessýslu. Nefnd þessari er ætlað að kynna samantekt á vinnu nefndarinnar til stjórna félaganna sem svo mundu leggja það undir aðalfund 2021 til samþykktar. Aðalfundur Loga og Smára samþykktu sambærilega tillögu sinna stjórna.

Fulltrúar Trausta í nefndinni eru Ragnheiður Bjarnadóttir gjaldkeri félagsins og Birgir Leó Ólafsson formaður.

Nú hefur þessi nefnd hafið vinnu við skrátnar aðstæður. Þær aðstæður í þjóðfélaginu gerir vinnu nefndarinnar ekki einfalda að því leyti að það er ekki hægt að kalla saman almennann félagsfund til að ræða sameiningarmál eins og okkur þætti auðvitað best. Það er í því samhengi sem okkur í nefndinni langar til að nýta okkur mátt Facebook og annarra miðla eftir því sem við á, og leggja fyrir nokkur málefni sem við teljum að þurfi að ræða innan félagsins. Við reiknum með að leggja fyrir ykkur tvö til fjögur málefni á viku, fer eftir hvernig okkur gengur umræðan. Við áætluðum að ljúka þessari vinnu um miðjan nóvember eða svo.

Málefni sem okkur langar til að ræða með ykkur eru eftirfarandi:

Gamlar og nýjar hefðir.

Nefndir.

Vallarmál/ Keppnishald.

Reiðvegamál.

Æskulýðsmál.

Fræðslumál.

Reiðhöll.

Um leið og við hvetjum ykkur til opinna og gagnsamra umræðna þá hlökkum við til að sjá hvað ykkur finnst skipta mestu máli í þessu samhengi. Það skiptir öllu máli að málin séu rædd á þessu stigi. Ef ykkur dettur eitthvað sniðugt í hug og langar að koma því á framfæri þá endilega sendið okkur tölvupóst á hf.trausti@gmail.com Einnig er velkomið að hringja í annaðhvort okkar til skrafs og ráðagerða.

Birgir Leó Ólafsson & Ragnheiður Bjarnadóttir

Fréttamenn 1. bekkjar - Vegaframkvæmdir á Borg


Búið er að setja upp nýjar gangbrautir og hraðahindranir á Borg í Grímsnesi. Samkvæmt okkar talningu eru þær alls sjö.


Vinnukallarnir sem unnu þessa vegavinnu voru til dæmis Hjörtur, Nonni og nokkrir frændur Davíðs Mána.

Nemendur 1. bekkjar eru búnir að fara og prófa að labba yfir nýju gangbrautirnar. Við vorum hissa að sjá að nú væru komnar hraðahindranir út um allt. En þær eru mikilvægar því sumir voru að keyra svo hratt. Einnig voru steiptar nýjar gangstéttir sem við erum búin að prófa að fara og ganga á. Við skoðuðum svo vinnusvæðið á Borg þar sem öll tækin eru geymd.

Okkur finnst gaman að farið hafi verið í þessar framkvæmdir. Við elskum vinnuframkvæmdir.

Blaðamenn og ljósmyndarar: Davíð Máni Karlsson og Úlfur Myrkvi Fannarson, nemendur 1. bekkjar í Kerhólsskóla.





Ungmennafélagið Hvöt æfingatafla haust 2020



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13:30-14:30				Körfubolti yngri Florijan
14:15-15:15	Fótbolti eldri Matthías			
14:30-15:30		Frjálsar Áslaug		Körfubolti eldri Florijan
15:15-16:15	Fótbolti yngri Matthías			

Æfingarnar eru hugsaðar fyrir grunnskólanemendur og elsta árgang leikskólans og við röðum niður í hóp á eftir því hvernig aldurs samsetning iðkenda er í hverri grein.

Eins og er höfum við eina frjálsípróttæfingu í töflunni en reynum að bæta við hóp ef þörf er á.

Æfingagjald 20.000 á önn óháð fjölda æfinga.



Sími 899-2910



Nóvember 2020

www.pizzavagninn.is

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
29. okt	30. okt Árnes 18:00-20:30	31. okt Reykholt 18:00-20:30
5. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	6. nóv Flúðir 18:00-21:00	7. nóv Borg 18:00-20:30
12. nóv	13. nóv Bráutarholt 18:00-20:30	14. nóv Reykholt 18:00-20:30
19. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	20. nóv Flúðir 18:00-21:00	21. nóv LOKAD Í DAG
26. nóv	27. nóv Árnes 18:00-20:30	28. nóv Reykholt 18:00-20:30

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.


Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Fridag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.



Grimsnes- og Grafningshreppur

Gámastöð

Grenndarstöðvar





ÁRTANGI


669-0108
694-8405

Vetraropnun

Opið alla virka daga frá 10 - 14



Verið hjartanlega velkomin.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

ÁHEITAGANGA TIL STYRKTA SJÓÐNUM GÓÐA

Sólheimahringurinn 24 km
450 þús. skref tekin
345 km gengnir

Upphæð: 1.631.972.-



Takk fyrir
stuðninginn!



Við félagskonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps viljum þakka kærlega þann stuðning sem við fengum við áheitaönguna okkar 10.október sl.

Við erum enn í skýjunum eftir áheitaönguna. Sólheimahringurinn var að vanda fallegur með frábærri fjallasýn, veðrið lék við okkur, félagsskapurinn dásamlegur og hreyfingin góð.

Þegar við vorum komnar að Sólheimum þá birtist Hjálparsveitin Tintron og fylgdi okkur með öryggisljósum út að Borg, við viljum þakka þeim kærlega fyrir fylgdina og vatnið.

Við gættum vel að öllum sóttvörnum, grímur, hanskar og spritt voru með í ferð þegar þess þurfti og fjarlægðarmarkar var gætt.

Áheitasöfnunin tókst vonum framar þar sem alls bárust áheitið upp á kr. 1.131.972.- auk þess gaf kvenfélagið kr. 500.000,- í mótframlag, við afhentum því Sjóðnum góða alls **1.631.972.-**

Kærar þakkar til félagskvenna og fjölskyldna sem tóku þátt í verkefninu og til ykkar sem hétuð á okkur.

Jólafundur

Í ljósi þeirra óvissu sem er um fjarlægðarmörk og fjöldatakmarkanir hefur stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps ákveðið að enginn jólafundur verði í ár. Í stað þess er stefnt að því að halda nýársfögnuð/fund fyrir kvenfélagskonur. En það kemur betur í ljós þegar líða fer að áramótum og við vitum stöðuna í samfélaginu þá.

Kynntu sér útinám á Laugarvatni

Nokkrir starfsmenn Kerhólsskóla fóru í haust í heimsókn í Bláskógaskóla á Laugarvatni til að kynna sér útinám við skólann. Elfa Birkisdóttir, skólastjóri og starfsmenn hennar í útináminu tóku á móti hópnum og kynntu útinámið og svöruðu spurningum um það. Eftir að kynningunni lauk fór Guðmundur Finnbogason, aðstoðarskólastjóri með hópinn á þá staði sem útikennslan fer m.a. fram og sýndi og sagði frá aðstöðunni, sem skólinn hefur. Fram kom í máli hans að útikennsla hefur verið við skólann frá 2001 og kennslan eflst með hverju ári. Þá hefur það sýnt sig að útivera eflir andlega og líkamlega líðan nemenda, auk fjölda annarra jákvæðra þátta, sem kennslan hefur.

Á myndinni eru starfsmenn Kerhólsskóla með Guðmundi eftir vel heppnaða kynningu á Laugarvatni og á hinni myndinni má sjá hluta af aðstöðunni, sem skólinn hefur fyrir útinámið.



Starfsemi Frístundar í Kerhólsskóla hefur gengið mjög vel í haust og vetrarstarfið farið vel af stað. Við höfum verið mjög dugleg að leika úti í október í góða veðrinu en þegar vetur konungur fer að láta meira á sér bera færast starfið meira inn. Að jafnaði mæta um 30 börn í Frístund alla virka daga eftir hádegi í 1. – 4. bekk. Starfsmenn Frístundar eru fjórir. Hér má sjá nokkrar ljósmyndir úr starfsemi haustsins, sem segja meira en mörg orð.

Starfsfólk Frístundar
Ljósmyndari: Magnús Hlynur.



Á hverjum föstudegi er starfið brotið upp í Frístund með einhverju óvæntu. Einn föstudaginn var öllum krökkunum t.d. boðið upp á ís, sem börnin kunnu vel að meta.

Börnin hafa mjög gaman af því að lita og verða oft til meistaraverk hjá þeim. Hér eru Guðbjörg Emma (t.v.) og Ísabella Waagfjörð með mynd, sem þær lituðu saman.





Stundum er bakað á föstudögum og finnst krökkunum það alltaf jafn skemmtileg. Hér er Arndís Jakobsdóttir að baka með nokkrum þeirra.

Börnin léku mikið úti í október í góða veðrinu enda umhverfi Kerhólsskóla frábært fyrir allskonar leiki. Hér eru þau frá vinstri; Kristófer Þorkell, Guðbjörg Emma, Þórhildur Salka, Aron Rafn, Harpa, Davíð Máni og Tinna Sif.



Börnin elska að rífa í sundur ýmis ónýt raftæki og geta gleymt sér við þá iðju í langan tíma, stelpur og strákar.



Vetraropnun

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00-22:00

Föstudaga er lokað

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Sími: 480—5530 Netfang: sundlaug@gogg.is

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is